

Alþingi
Erindi nr. P 132/2012
komudagur 1.5.2006

Viðtakandi: **Allsherjarnefnd**

Sendandi: **Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Ragna Árnadóttir**

Dagsetning: **01.05.2006**

Málsnúmer: **DKM05060377**

Bréfalykill: **026.1**

Efni: **Frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands, þskj. 1024, 694. mál.**

Tilmæli ráðherra:

Texti:

Vísað er til fyrirspurnar á fundi allsherjarnefndar 24. apríl sl. um ákvæði 25. gr. frumvarps til laga um Landhelgisgæslu Íslands, en þar er að finna heimild til að bjóða út eða stofna hlutafélag um flugrekstur, skiparekstur og tækniþjónustu LHG. Laut fyrirspurnin að stöðu starfsmanna stofnunarinnar ef slík heimild yrði nýtt.

Leitað var upplýsinga frá fjármálaráðuneyti, um hvort nauðsynlegt væri að mæla fyrir um réttarstöðu starfsmanna í frv. vegna umrædds ákvæðis og var svarið þetta: *Við hlutafélagavæðingu ríkisstofnana eða hluta af starfsemi ríkisstofnana er í sjálfu sér ekki nauðsynlegt að setja sérstök ákvæði í lög um réttarstöðu starfsmanna. Slík ákvæði hafa þó oft verið sett ef sérstök lög hafa verið sett um stofnun hlutafélags um ákveðna starfsemi. Það á einnig við um þau lagafrumvörp sem lögð hafa verið fram á yfirstandandi löggjafarþingi til stofnunar tiltekinna hlutafélaga, svo sem um RARIK, Matvælastofnun hf og ÁTVR. Þau ákvæði hafa í megindráttum ekki kveðið á um annað en það sem almennt gildir samkvæmt starfsmannalögum nr. 70/1996 og aðilaskiptalögum nr. 72/2002. Fyrirnefndu lögin hafa að geyma ákvæði er lúta að réttindum viðkomandi vegna starfsloka hans úr þjónustu ríkisins, þ.e. ýmist réttur til uppsagnarfrests eða biðlauna. Í þessu sambandi er rétt að minna á það að ef rekstrarformi ríkisstofnunar er breytt yfir í félag einkaréttarlegs eðlis þá gilda starfsmannalögin ekki lengur um starfsmenn - jafnvel þó að félagið sé alfarið í eigu ríkisins. Síðarnefndu lögin (aðilaskiptalögin) hafa svo að geyma ákvæði varðandi rétt viðkomandi á áframhaldandi starfi hjá hlutafélaginu og tryggja honum ákveðinn rétt varðandi launakjör og starfsskilyrði.*

Hvað varðar ákvæði 25. gr. frumvarps til laga um Landhelgisgæslu Íslands, er mikilvægt að hafa í huga þá ráðagerð, er fram kemur í athugasemdum við frumvarpsgreinina, að heimildin verði nýtt til að treysta rekstrargrundvöll stofnunarinnar og nýta tækjabúnað hennar til fjölbreyttari verkefna í framtíðinni.

Þannig mun útboð eða stofnun hlutafélags eingöngu lúta að rekstrarfyrirkomulagi á tækjakosti, en ekki er ætlunin að breyta því fyrirkomulagi að áhafnir skipa og loftfara, sem fara með lögregluvald, verði áfram starfsmenn LHG.